




## AÐALSKIPULAG FLÓAHREPPS 2017-2029

Nýtt vatnsból og vatnsverndarsvæði í Áshildarmýri/Merkurhrauni


15.08.2024



Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps þann 01.04.25



Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 23. apríl 2025



#### SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: 11.07.24 með athugasemdafresti til: 02.08.24

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: 30.01.25 með athugasemdafresti til: 14.03.25

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: \_\_\_\_\_

#### UPPLÝSINGAR

##### SKJALALYKILL

109924-01-GRG-001-V01

##### HÖFUNDUR


IS

##### RÝNT

SOS

## EFNISYFIRLIT

|       |   |   |
|-------|---|---|
| 1     | INNGANGUR                                     | 4 |
| 1.1   | Skipulagsgögn                                 | 4 |
| 2     | FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR                       | 4 |
| 2.1   | Minjar  | 5 |
| 3     | ÁÆTLANIR SEM HORFT ER TIL                     | 5 |
| 3.1   | Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029             | 5 |
| 3.2   | Landsskipulagsstefna 2024-2038                | 6 |
| 3.3   | Deiliskipulag                                 | 6 |
| 3.4   | Vatnaáætlun 2022-2027                         | 6 |
| 4     | AÐALSKIPULAGSBREYTING                         | 7 |
| 4.1   | Breytingar á uppdrætti                        | 7 |
| 4.2   | Greinargerð                                   | 7 |
| 5     | UMHVERFISMATSSKÝRSLA                          | 7 |
| 5.1   | Umhverfisþættir og áherslur við mat á áhrifum | 7 |
| 5.2   | Valkostir og umhverfisáhrif                   | 8 |
| 5.2.1 | Niðurstaða                                    | 8 |
| 6     | SKIPULAGSFERLI                                | 9 |
| 6.1   | Skipulagsferli                                | 9 |



# 1 INNGANGUR

Flóahreppur vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Með breytingunni er sett inn vatnsból og vatnsverndarsvæði í Áshildarmýri. Vatnsbólið er í Flóahreppi en vatnsverndarsvæði er bæði í Flóahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Borað hefur verið eftir vatni á staðnum og er vatnsbólið í notkun. Samhliða er gerð breyting á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 þar sem gerð er grein fyrir vatnsverndarsvæði.

## 1.1 Skipulagsgögn

Greinargerð þessi með forsendum og umhverfismatsskýrslu ásamt skipulagsuppdrætti.

# 2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Vatnsbólið er í Merkurhrauni/Áshildarmýri nyrst í Flóahreppi, skammt sunnan sveitarfélagamarka við Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Svæðið er nokkuð flatt, mosavaxið hraun. Vatn úr vatnsbólinu er einkum nýtt fyrir íbúðar- og frístundabyggð í Áshildarmýri en verður jafnframt nýtt fyrir fyrirhugaða frístundabyggð í Flóahreppi. Vegslóði liggur frá frístundabyggðinni í Áshildarmýri að litlu dæluhúsi við borholuna. Ekki er gert ráð fyrir að stefna í breyttu skipulagi hafi áhrif á jarðmyndanir eða gróður því engar framkvæmdir eru fyrirhugaðar.

ÍSOR tók saman minnisblað, dagsett í nóvember 2006, *Vatnsból fyrir frístundabyggð við Áshildarmýri á Skeiðum*. Í minnisblaðinu er lagt til að borað verið eftir vatni um 3-400 m frá bakka Hvítár, vestan eða norðvestan við Áshildarmýri. Í minnisblaðinu er sett fram hugmynd að vatnsverndarsvæði umhverfis vatnsbólið. Grannsvæðið er allt á Þjórsárhrauni og þar er ekkert yfirborðsrennsli, öll úrkoma sígur niður í hraunið. Lagt er til að afmarka um 420 m langt og 300 m breitt grannsvæði. Stefna þess væri til norð-austurs frá vatnsbólinu. Þessari afmörkun vatnsverndarsvæðis er fylgt í aðalskipulagsbreytingunni.



Nýtt vatnsból og vatnsverndarsvæði nær yfir frístundabyggð og einnig fjarsvæði vatnsbóls skv. gildandi aðalskipulagi.

**MYND 1.** Gildandi aðaskipulag Flóahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Svört lína er sveitarfélagamörk. Breytingin nær til svæðis innan rauða hringsins.

## 2.1 Minjar

Aðalskráningu fornminja er lokið í Flóahreppi. Skv. minjavefsjá Minjastofnunar er ekki að finna þekktar minjar á því svæði sem breytingin nær yfir.

Aðalskipulagsbreytingin gerir ekki ráð fyrir neinum framkvæmdum á svæðinu. Einungis er verið að afmarka vatnsverndarsvæði. Því er ekki talið að stefna í breyttu skipulagi hafi áhrif á minjar, ef þær kunna að finnast á svæðinu.

## 3 ÁÆTLANIR SEM HORFT ER TIL

Gert er ráð fyrir að stefna í breyttu aðalskipulagi sé í samræmi við eftirfarandi áætlanir:

### 3.1 Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029

Umrætt svæði er skilgreint sem frístundabyggð og sem fjarsvæði vatnsbóls.

Markmið um vatnsból og vatnsvernd (kafli 2.8.4) í gildandi skipulagi eru eftirfarandi:

- Lögð er áhersla á nægt framboð neysluvatns fyrir íbúa og atvinnustarfsemi.
- Áhersla verður á að tryggja vatnsgæði til framtíðar.
- Vatnsból verði afgirt og friðuð fyrir óviðkomandi umferð.
- Engar framkvæmdir sem ógnað geti brunnsvæðum verði leyfðar á grann- eða fjarsvæðum þeirra.

### I. flokkur - brunnsvæði

Verndarákvæði brunnsvæða skv. 13. gr. laga um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 eru þessi: „*Brunnsvæði er næsta nágrenni vatnsbólsins. Það skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli*“.

### Grannsvæði vatnsbóla – flokkur II

Utan við brunnsvæðið skal ákvarða grannsvæði vatnsbólsins og við ákvörðun stærðar þess og lögunar, skal taka tillit til jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstrauma sem stefna að vatnsbólinu. Verndarákvæði grannsvæða, skv. 13. gr. laga um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999, eru þessi: „*Á grannsvæðum er óheimilt að nota eða hafa birgðir af efnum, sem geta mengað grunnvatn. Hér er m.a. átt við olíu, bensín, og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar skordýrum eða gróðri og önnur efni sem geta mengað grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða sambærilegar byggingar á svæðinu. Vegalagning, áburðarnotkun og önnur starfsemi skal vera undir ströngu eftirliti*“.

## Fjarsvæði vatnsbóla – flokkur III

Fjarsvæði liggur utan þess lands sem telst til brunnsvæða og grannsvæða vatnsbóla. Verndarákvæði fjarsvæða eru þessi skv. 13. gr. laga um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999: „*Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi skal gæta fyllstu varúðar í meðferð efna sem talin eru upp undir grannsvæði vatnsbóla. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja*“.

**TAFLA 1.** Stefna fyrir fjarsvæði vatnsbóla í Merkurhrauni, skv. gildandi skipulagi.

| HEITI       | LÝSING                               | JÖRD              |
|-------------|--------------------------------------|-------------------|
| Merkurhraun | Fjarsvæði Bitrulinda í Merkurhrauni. | Hjálmholt, Bitra. |

### 3.2 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Í landsskipulagsstefnu eru eftirfarandi markmið um velsæld samfélags sem horft verður til við vinnslu aðalskipulagsbreytingar.

- Skipulag stuðli að jöfnu aðgengi að orku um land allt og traustum veituinnviðum sem tryggja öryggi.
- Í skipulagi skal gera grein fyrir því hvernig vatnsveita uppfyllir þarfir íbúa og atvinnulífs með sjálf-bæra nýtingu vatnsauðlindarinnar að leiðarljósi.

### 3.3 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi á því svæði sem breytingin nær til.

### 3.4 Vatnaáætlun 2022-2027

Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest árið 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Markmið laganna er að vernda allt vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til að vatn njóti heildstæðar verndar. Að auki er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtíma verndunar vatnsauðlindarinnar.

Við vatnsverndarsvæðið er að finna tvö vatnshlot skv. vatnavefsjá:

- 103-574-R Bugalækur/Bitrulækur. Vistfræðilegt ástand er mjög gott og efnafræðilegt ástand gott.
- 103-209-G Flói. Magnstaða og efnafræðilegt ástand er gott.

Afmörkun vatnsverndarsvæða hefur jákvæð áhrif á vatnshlot og er í samræmi við markmið vatnaáætlunar.

## 4 AÐALSKIPULAGSBREYTING

Á aðalskipulag Flóahrepps er bætt inn vatnsbóli og grannsvæði vatnsbóls, afmörkun fjarsvæðis breytist. Gerð er breyting á sveitarfélagsuppdrætti og greinargerð.

### 4.1 Breytingar á uppdrætti

Sett er inn nýtt vatnsból VB5 og grannsvæði vatnsbóls afmarkað. Afmörkun fjarsvæðis breytist til samræmis við nýtt grannsvæði.

### 4.2 Greinargerð

Í kafla 2.8.4 Vatnsvernd er bætt inn vatnsbóli og grannsvæði.

**TAFLA 2.** Brunnsvæði.

| NR  | HEITI                    | LÝSING  | JÖRÐ      |
|-----|--------------------------|---|-----------|
| VB5 | Merkurhraun/Áshildarmýri | Vatnsból sem nýtt er fyrir byggð í Áshildarmýri og Merkurhrauni. Viðmiðunarstærð er 0,2 ha. | Hjálmholt |

**TAFLA 3.** Grannsvæði.

| HEITI                    | LÝSING                     | JÖRÐ      |
|--------------------------|----------------------------|-----------|
| Merkurhraun/Áshildarmýri | Aðrennslissvæði vatnsbóls. | Hjálmholt |

## 5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Með breytingunni er mörkuð stefna um framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umhverfisáhrif.

### 5.1 Umhverfisþættir og áherslur við mat á áhrifum

Í umhverfismatsskýrslu eru skoðuð áhrif á umhverfisþætti sem tengjast samfélagi. Áhrif af stefnumanni eru metin á heilbrigði íbúa, landnotkun og vatn. Horft verður til eftirfarandi matssprunginga:

Til að svara matssprungum verður horft til stefnu í þeim áætlunum sem taldar eru upp í kafla 3, auk þeirra laga og reglugerða sem við á.

| UMHVERFISPÁTTUR            | UMHVERFISVIÐMIÐ   | MATSSPURNINGAR   |
|----------------------------|---|--|
| Heilsa<br>Gæði neysluvatns | Aðalskipulag.<br><ul style="list-style-type: none"> <li>Áhersla er á að tryggja vatnsgæði til framtíðar. Landsskipulagsstefna 2024-2038.</li> <li>Skipulag geri viðeigandi ráðstafanir varðandi heilnæmi umhverfis; vatnsvernd, vatnsveita, fráveita, úrgangur, hljóðvist og loftgæði.</li> </ul> | Hefur stefnan áhrif á heilnæmi og gæði neysluvatns?<br>Hefur stefnan áhrif á mengun? |

| UMHVERFISPÁTTUR                             | UMHVERFISVIÐMIÐ  | MATSSPURNINGAR  |
|---|--|---|
| <b>Samfélag</b><br><i>Landnotkun</i>        | Aðalskipulag. <ul style="list-style-type: none"><li>• Landnotkun stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingarárfi og landslagi.</li></ul>   | Hefur stefnan áhrif á landnotkun?                       |
| <b>Vatn</b><br><i>Ár, vötn og grunnvatn</i> | Aðalskipulag. <ul style="list-style-type: none"><li>• Áhersla verður á að tryggja vatnsgæði til framtíðar. Vatnaáætlun 2022-2027 og lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011.</li><li>• Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnum vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa.</li><li>• Öll vatnshlot nái umhverfismarkmiðum sínum.</li></ul> | Hefur stefnan áhrif á ástand vatns eða vistkerfi vatns? |

## 5.2 Valkostir og umhverfisáhrif

Vatnsbólið er til staðar og í notkun. Því er einungis gerð grein fyrir áhrifum af breyttri stefnu aðalskipulags en ekki bornir saman valkostir.

**Stefna í breyttu skipulagi:** Sett er inn nýtt vatnsból og afmarkað grannsvæði fyrir það.

**Áhrif á heilsu eru jákvæð.** Með afmörkun vatnsverndarsvæðis er verið að tryggja að innan þess verði ekki neinar þær framkvæmdir sem geta spilt eða mengað grunnvatn og þar með neysluvatn. Stefnan tryggir gæði neysluvatns.

**Áhrif á landnotkun eru jákvæð/óviss.** Vatnsból og vatnsvernd stuðlar að heilnæmu umhverfi og gæðum neysluvatns til framtíðar og hefur þannig jákvæð áhrif. Skilmálar vatnsverndarsvæða, skv. reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, takmarka hvað heimilt er að gera innan brunnnsvæða, grann- og fjarsvæða vatnsbóls. Vatnsból og vatnsvernd getur því haft áhrif á áætlunar landeiganda.

**Áhrif á vatn eru jákvæð.** Verið er að stuðla að vatnsvernd á svæðinu, sem hefur jákvæð áhrif á ástand vatns.

### 5.2.1 Niðurstaða

Sveitarfélagið metur það jákvætt og mjög mikilvægt að setja vatnsvernd umhverfis núverandi vatnsból, sem m.a. kemur til með að þjóna byggð í sveitarféluginu. Með staðsetningu vatnsbóls og afmörkun grannsvæðis er verið að tryggja gæði neysluvatns til framtíðar.

## 6 SKIPULAGSFERLI


Skipulagslýsing var kynnt fyrri hluta sumars. Umsagnir bárust frá: Skipulagsstofnun, Minjastofnun, Náttúrufræðistofnun, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Umhverfisstofnun. Eftir því sem við á hefur verið tekið tillit til umsagna.

Aðalskipulagsbreytingin er kynnt og auglýst í blöðum og í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast í skipulagsgátt fyrir auglýstan tímafrest.

Breytingin verður send til eftirtalinna umsagnaraðila:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- ÍSOR
- Skeiða- og Gnúpverjahreppur

### 6.1 Skipulagsferli




# Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029


Sveitarfélagsuppdráttur - Nýtt vatnsból og vatnsverndarsvæði í Áshildarmýri/Merkurhrauni



Flóahreppur



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR

## Skýringar

- Sveitarfélagsmörk
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Frístundabyggð
- Landbúnaðarsvæði
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Íbúðarbyggð
- Ræktað land
- Landbúnaðarland í flokki I og II
- Verslun- og þjónusta
- Vatnsból

- Vatnsvernd fjarsvæði
- Vatnsvernd grannsvæði
- Stofnvegur
- Héraðsvegir
- Gönguleið
- Reiðleið
- Ljósleiðari
- Rafveita, jarðstrengur
- Landamerki til skýringar
- Svæði breytingar

## Skipulagsgögn:

Greinargerð með forsendum og umhverfismatskýrslu ásamt skipulagsuppdrætti.



Flóahreppur  
Nýtt vatnsból og vatnsverndarsvæði í Áshildarmýri/  
Merkurhrauni

Verk: Blaðstærð: Unnið: Rynt:  
109295 A4 IS SOS

Mælikvarði: Dags: Breytt dags:  
1:50.000 15.08.2024 15.01.2025